

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

26. apríl 2001

Nr. 351

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns
1. áfanga“, Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 23. janúar 2001 breytingu á deiliskipulagi „Athafnasvæðis Hellnahrauns 1. áfanga“.

Breytingin felst í því að lóðum sunnanmegin við Íshellu og lóð við Hringhellu er breytt í lóðir með fljótandi lóðarmörkum og lóðum á milli Rauðhellu og Móhellu er breytt.

Breytingin var í auglýsingu 31. janúar - 2. mars 2001, og athugasemdafrestur til 16. mars sl., samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Hafnarfjarðarbæjar, 26. apríl 2001.

F.h. Hafdísar Hafliðadóttur skipulagsstjóra,

Guðlaug Þorsteinsdóttir.

26. apríl 2001

Nr. 352

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir íbúðir er árlega sem hér greinir:

Sorphreinsunar- og sorppokagjald kr. 2.500 á hverja íbúð

Sorpeyðingargjald kr. 5.500 á hverja íbúð

Sorphirðugjald samtals kr. 8.000 á hverja íbúð

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Sorpeyðingargjald fyrir fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök miðast við magn úrgangs og er árlega sem hér greinir: